

Sveitarfélagið Árborg

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7 - 8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10 - 32
Óendurskoðað fylgiskjal: Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar	33

Sveitarfélagið Árborg
Kennitala 650598-2029
Austurvegi 2, 800 Selfoss

Skýrsla bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.

Sveitarfélagið hefur innleitt reglugerðarbreytingu 230/2021 á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 sem kveður á um að sveitarfélög skuli færa inn í samantekin reikningsskil sín hlutdeild í einstökum liðum rekstrar- og efnahagsreiknings byggðasamlaga, sameignarféлага og annarra féлагаforma sem eru með ótakmarkaða ábyrgð sveitarfélags, miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Vegna þessarar breytingar á reikningsskilaaðferð hefur samanburðartölum í ársreikningnum verið breytt til að gæta samræmis við framsetningu þessa árs. Stjórn og bæjarstjóri vísa til skýringar 16 í ársreikningnum um áhrif breytinganna á áður birtar fjárhæðir vegna ársins 2021. Vísað er til þessara féлага í ársreikningi ársins 2022 sem samrekstrarféлага.

Rekstur sveitarfélagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Heildarvelta sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta 2022 nam 15.286,0 m.kr. og er 1.132,2 m.kr. umfram áætlun, en að teknu tilliti til áhrifa af samrekstrarfélögum eru tekjur ársins 2022 282,2 m.kr. undir áætlun. Skatttekjur sveitarfélagsins námu 8.221,9 m.kr. og voru 11,5 m.kr. undir áætlun. Samtals námu rekstrartekjur A hluta 13.563,1 m.kr. Að frádregnum áhrifum samrekstrarféлага námu rekstrartekjur A hluta 12.148,7 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 12.435,3 m.kr.

Rekstrarniðurstaða A hluta er neikvæð um 3.385,7 m.kr. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila sveitarfélagsins er neikvæð um 2.821,7 m.kr. og er afkoman 771,8 m.kr. lakari en gert var ráð fyrir í áætlun. Hlutdeild í rekstrarniðurstöðu samrekstrarféлага á árinu 2022 er óveruleg og nam 2,1 m.kr. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila fyrir árið 2022, án hlutdeildar í samrekstrarfélögum, nemur 2.823,8 m.kr.

Um fjölda ársverka vísast til skýringar 3.

Kynjahlutföll meðal starfsmanna sveitarfélagsins, að meðtöldum stofnunum og félögum sem mynda samantekin reikningsskil sveitarfélagsins, eru 75% konur og 25% karlar. Hlutföll kynja í bæjarstjórn eru 55% konur og 45% karlar.

Bæjarstjórn vísar til yfirlýsingar um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar, sem er meðfylgjandi ársreikningnum, um umfjöllun stjórnarhætti, áhættustýringu og aðrar upplýsingar sem þar koma fram.

Íbúafjöldi Sveitarfélagsins Árborgar 1. janúar 2023 var 11.239 en var þann 1. janúar 2022 10.834. Íbúum fjölgaði því um 405 eða 3,7%.

Það er álit bæjarstjórnar sveitarfélagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu þess í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Sveitarfélagið Árborg hefur á undanförunum árum vaxið hratt og verið í umfangsmiklum innviðafjárfestingum á borð við leik- og grunnskóla, veitur og íþróttamannvirki. Á árunum 2016 -2022 fjölgaði íbúum um 27,4%. Hafa útgjöld til þjónustu við íbúa vaxið ört og stöðugildum hjá sveitarfélaginu fjölgað hraðar en sem nemur fólksfjölgun. Samhliða vextinum hefur skuldásöfnun aukist verulega og sveitarfélagið verið rekið með umtalsverðum halla frá árinu 2019.

Ýmsir þættir í ytra efnahagssumhverfi hafa leitt til versnandi rekstrarskilyrða síðastliðin ár eins og fram hefur komið en þar má meðal annars nefna launahækkunar, hækkandi vaxtastig, aukna verðbólgu með tilheyrandi almennum kostnaðarhækkunum. Þessir ytri þættir hafa leit af sér óhagstæð kjör á markaði og er því í samstarfi við ytri ráðgjafa og fjármálafyrirtæki unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu sem miðar að því að tryggja sjóðsstreymi sveitarfélagsins og draga úr greiðsluþunga næstu misseri.

Í ljósi alls þessa þarf sveitarfélagið að taka mið af breyttum forsendum og hagræða í rekstri, forgangsraða fjárfestingum og leita allra leiða til að auka tekjur. Vísað er til skýringar 15 um nánari umfjöllun um fjárhagslega stöðu, viðbrögð og framtíðaráætlanir.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins og stofnana þess fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Selfossi 15. maí 2023

Bæjarstjórn:

Aruna Svein Ólafsson
Elly Tomasdóttir

Alfþór

Sigrún Vidarín
Hilma R. Gunnarsdóttir

Bæjarstjóri:

Egla Steingrimsdóttir

Boog Gunnar
Sveinn Egir Birgisson
Beykurður Jónsdóttir
Helga Inga Ólafsdóttir
Kjartan Björnsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2022, að undanskilinni skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til bæjarstjórnar.

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta og innifelur:

- Skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra.
- Rekstrarreikning fyrir árið 2022.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2022.
- Sjóðstreymisýfirlit fyrir árið 2022.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.

Skýrsla bæjarstjórnar og bæjarstjóra og yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar eru undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óhæði

Við erum óháð sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt sveitarfélaginu er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Ábending vegna fjárhagslegrar stöðu

Við vekjum athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar og upplýsingum í skýringu 15 þar sem fjallað er um fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins. Rekstrarniðurstaða A-hluta á árinu 2022 var neikvæð um kr. 3.385,7 milljónir og var eigið fé A-hluta í lok árs neikvætt um kr. 1.705,6 milljónir. Þá var veltufé frá rekstri jafnframt neikvætt um kr. 972,8 milljónir í lok árs. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila A og B hluta í lok árs var neikvæð um kr. 2.821,7. Í skýringu 15 er að finna umfjöllun um aðgerðir og áætlanir sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar mun innleiða til að bregðast við fjárhagsstöðu sveitarfélagsins til framtíðar.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Áritun óháðs endurskoðanda

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins árið 2022. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikningnum í heild.

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
Mat á lífeyrisskuldbindingu	Stjórnendur Sveitarfélagsins Árborgar fengu aðstoð utanaðkomandi tryggingastærðfræðings til að reikna áfallna lífeyrisskuldbindingu í árslok.
Lífeyrisskuldbinding A og B hluta Sveitarfélagsins Árborgar er 3.162,5 milljónir króna í árslok 2022 eða 10,3% af efnahag sveitarfélagsins.	Endurskoðun okkar á mati lífeyrisskuldbindingar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:
Mat stjórnenda á fjárhæð lífeyrisskuldbindingar er lykilþáttur í endurskoðun okkar þar sem um er að ræða verulegan lið reikningsskila A og B hluta sveitarfélagsins.	Við fórum yfir niðurstöður tryggingastærðfræðingsins og lögðum mat á hæfni og óhæði hans.
Lífeyrisskuldbindingin er færð miðað við núvirði áætlaðra greiðslna til framtíðar. Stjórnendur byggja mat sitt á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar sem framkvæmd var miðað við lok árs 2022. Breyting skuldbindingarinnar á árinu er færð í rekstrarreikning.	Við mynduðum okkur væntingar um stöðu lífeyrisskuldbindingarinnar miðað við þekktar stærðir s.s. launaþróun og eignastöðu lífeyrissjóða.
Sjá nánar skýringu 1.15 um reikningsskilaaðferðir og skýringu 11 um lífeyrisskuldbindingar.	Við fórum yfir útreikninga stjórnenda og tryggingastærðfræðings og bárum saman við væntingar okkar.
	Við fórum yfir hvort reikningshaldsleg meðferð lífeyrisskuldbindinga í ársreikningi sé í samræmi við settar reikningsskilareglur.
	Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Bæjarstjórn og bæjarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla bæjarstjórnar og bæjarstjóra og yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar, sem lágu fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sveitarfélagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sveitarfélagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sveitarfélagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sveitarfélagsins. Stjórnendum sveitarfélagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirliti sveitarfélagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sveitarfélagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga rekstrareininga sem falla undir A og B hluta sveitarfélagsins til að gefa út álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar ársreiknings sveitarfélagsins. Við berum ábyrgð á álit okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við bæjarstjórn að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst bæjarstjórn um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Kosning endurskoðanda

Við vorum ráðin endurskoðendur sveitarfélagsins vegna endurskoðunnar ársins 2003 og höfum við verið endurskoðendur sveitarfélagsins síðan eða í samfelld 20 ár.

Selfossi 15. maí 2023

PricewaterhouseCoopers ehf.

Örvar Omrí Ólafsson
lögiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

Skýringar	Bæjarsjóður A-hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti			
	2022	Fjárh.áætl. með viðaukum	2021*	2022	Fjárh.áætl. með viðaukum	2021*	
Tekjur	2						
Skatttekjur	8.248.808	8.246.489	7.222.576	8.221.903	8.233.379	7.197.647	
Framlög jöfnunarsjóðs	3.019.002	1.806.496	2.391.728	3.019.002	1.806.496	2.391.728	
Aðrar tekjur	2.295.273	2.382.298	2.777.801	4.045.110	4.113.921	4.358.204	
	<u>13.563.084</u>	<u>12.435.283</u>	<u>12.392.105</u>	<u>15.286.015</u>	<u>14.153.796</u>	<u>13.947.579</u>	
Gjöld							
Laun og launatengd gjöld	3 8.777.586	8.160.276	7.656.584	9.050.181	8.462.664	7.910.337	
Breyting líffeyrissskuldbindinga	3 89.150	161.950	636.942	95.868	175.100	640.810	
Annar rekstrarkostnaður	5.293.502	4.484.398	4.998.109	5.702.961	4.950.852	5.307.101	
	<u>14.160.238</u>	<u>12.806.623</u>	<u>13.291.636</u>	<u>14.849.010</u>	<u>13.588.616</u>	<u>13.858.249</u>	
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		(597.154)	(371.341)	(899.531)	437.005	565.179	89.330
Afskriftir	6 (539.048)	(554.203)	(419.980)	(831.012)	(849.331)	(647.848)	
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða		(1.136.202)	(925.544)	(1.319.511)	(394.007)	(284.152)	(558.518)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4 (2.249.538)	(1.241.246)	(864.644)	(2.470.292)	(1.765.696)	(1.237.727)	
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta		(3.385.740)	(2.166.790)	(2.184.155)	(2.864.299)	(2.049.847)	(1.796.245)
Reiknaður tekjuskattur	12 0	0	0	42.620	0	(32.810)	
Rekstrarniðurstaða ársins	5	<u>(3.385.740)</u>	<u>(2.166.790)</u>	<u>(2.184.155)</u>	<u>(2.821.679)</u>	<u>(2.049.847)</u>	<u>(1.829.055)</u>

* Endurgert, sjá skýringu 16.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýringar	Bæjarsjóður A-hluti		Samantekin reikningskil A og B hluti	
		2022	2021*	2022	2021*
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6				
Fasteignir og lóðir		19.368.030	16.204.783	19.860.191	16.673.226
Veitukerfi og gatnakerfi		995.136	83.627	6.246.100	5.030.860
Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki		565.314	470.824	715.373	640.490
		<u>20.928.480</u>	<u>16.759.234</u>	<u>26.821.664</u>	<u>22.344.576</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum	7	340.519	329.834	340.055	329.371
Langtímakröfur	8	231.894	224.146	231.894	224.146
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki		131.823	120.565	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	14	411.028	429.842	411.028	429.842
		<u>1.115.264</u>	<u>1.104.387</u>	<u>982.978</u>	<u>983.359</u>
Fastafjármunir samtals		22.043.744	17.863.621	27.804.642	23.327.935
Veltufjármunir					
Vörubirgðir		0	0	34.043	29.837
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur		840.450	766.121	955.242	860.505
Næsta árs afborganir langtímakrafna	8	1.734	3.091	1.734	3.091
Fyrirframgreiddur kostnaður	14	17.822	17.822	17.822	17.822
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki		1.144.023	820.594	0	0
Aðrar skammtímakröfur		1.373.920	1.608.872	1.444.877	1.727.059
Handbært fé		469.177	241.996	483.672	253.637
Veltufjármunir samtals		<u>3.847.126</u>	<u>3.458.496</u>	<u>2.937.390</u>	<u>2.891.951</u>
Eignir samtals		<u>25.890.871</u>	<u>21.322.117</u>	<u>30.742.032</u>	<u>26.219.886</u>

* Endurgert, sjá skýringu 16.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eigið fé og skuldir	Skýringar	Bæjarsjóður A-hluti		Samantekin reikningsskil A og B hluti	
		2022	2021*	2022	2021*
Eigið fé					
Eigið fé	10	(1.705.566)	239.759	2.471.725	3.852.989
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbindingar	11	2.889.897	2.757.075	2.996.927	2.860.885
Tekjuskattsskuldbinding	12	0	0	244.097	286.717
		<u>2.889.897</u>	<u>2.757.075</u>	<u>3.241.024</u>	<u>3.147.602</u>
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir og aðrar langtímaskuldir	13	17.363.588	12.825.212	19.677.293	14.990.148
Skammtímaskuldir					
Skammtímalán		0	92.717	0	92.717
Viðskiptaskuldir		1.345.933	1.072.955	1.562.233	1.242.893
Næsta árs afborganir langtímaskulda	13	2.107.890	1.357.317	2.318.127	1.556.415
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindingar		153.463	145.890	165.542	159.266
Skuldir við eigin fyrirtæki		2.591.164	1.808.788	0	0
Fyrirframinnheimtar tekjur		18.354	13.933	18.354	13.933
Aðrar skammtímaskuldir		1.126.148	1.008.471	1.287.735	1.163.920
		<u>7.342.951</u>	<u>5.500.071</u>	<u>5.351.990</u>	<u>4.229.146</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		27.596.437	21.082.358	28.270.306	22.366.896
Eigið fé og skuldir samtals		<u>25.890.871</u>	<u>21.322.117</u>	<u>30.742.032</u>	<u>26.219.886</u>
Aðrar upplýsingar	9, 15 - 18				

* Endurgert, sjá skýringu 16.

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2022

Skýringar	Bæjarsjóður A-hluti			Samantekin reikningskil A og B hluti			
	2022	Fjárh.áætl.	2021*	2022	Fjárh.áætl.	2021*	
Rekstrarhreyfingar							
Hreint veltufé frá rekstri:							
Rekstrarniðurstaða ársins	5	(3.385.740)	(2.166.790)	(2.184.155)	(2.821.679)	(2.049.847)	(1.829.055)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Söluhagnaður eigna		(1.101)	0	(40.053)	(1.101)	0	(41.872)
Afskriftir	6	539.048	554.203	419.980	831.012	849.331	647.848
Verðbætur og gengismunur		1.627.948	1.040.033	603.170	1.863.248	1.239.534	713.414
Framlag eigin stofnana	4	(41.748)	0	(273.589)	0	0	0
Breyting tekjuskattskuldbindingar	12	0	0	0	(42.620)	0	32.810
Breyting lífeyrisskuldbindinga	11	288.826	161.950	756.589	304.124	175.100	766.996
Aðrir liðir		(57)	0	(53)	(57)	0	(53)
		<u>(972.825)</u>	<u>(410.604)</u>	<u>(718.110)</u>	<u>132.927</u>	<u>214.118</u>	<u>290.089</u>
Breytingar rekstartengdra eigna- og skuldaliða:							
Vörubirgðir		0	0	0	(4.206)	0	(2.616)
Óinnheimtar tekjur		(24.002)	0	(4.454)	(24.002)	0	(4.454)
Aðrar skammtímakröfur		441.749	17.822	(671.076)	468.571	17.822	(729.143)
Skammtímaskuldir		135.504	0	589.178	188.004	0	472.379
Afborganir lífeyrisskuldbindinga	11	(145.890)	(107.000)	(133.089)	(159.266)	(117.256)	(145.882)
		<u>407.361</u>	<u>(89.178)</u>	<u>(219.441)</u>	<u>469.100</u>	<u>(99.434)</u>	<u>(409.716)</u>
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri		<u>(565.464)</u>	<u>(499.782)</u>	<u>(937.552)</u>	<u>602.027</u>	<u>114.684</u>	<u>(119.628)</u>
Fjárfestingahreyfingar							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	6	(3.271.552)	(2.853.000)	(2.765.136)	(3.871.358)	(4.092.800)	(3.327.486)
Söluverð rekstrarfjármuna		2.036	0	110.304	2.036	0	112.965
Veitt lán		0	0	(7.615)	0	0	(7.615)
Endurgreitt stofnframlag Fsu		8.849	0	32.682	8.849	0	32.682
Langtímakröfur, breyting		14.534	15.356	29.388	14.534	15.356	51.688
		<u>(3.246.134)</u>	<u>(2.837.644)</u>	<u>(2.600.377)</u>	<u>(3.845.940)</u>	<u>(4.077.444)</u>	<u>(3.137.766)</u>
Fjármögnunarhreyfingar							
Framlag eigin stofnana	4	41.748	0	273.589	0	0	0
Tekin ný langtímalán	13	5.516.323	4.800.000	3.890.750	5.666.323	6.000.000	4.450.750
Afborganir langtímalána	13	(1.874.858)	(1.534.616)	(1.124.436)	(2.088.995)	(1.785.067)	(1.294.386)
Skammtímalán		(102.245)	84.500	104.237	(102.245)	84.500	104.237
Eigin fyrirtæki, breyting		458.947	7.878	415.695	0	0	0
		<u>4.039.915</u>	<u>3.357.762</u>	<u>3.559.835</u>	<u>3.475.083</u>	<u>4.299.433</u>	<u>3.260.601</u>
Breyting á handbæru fé		<u>228.317</u>	<u>20.337</u>	<u>21.906</u>	<u>231.170</u>	<u>336.674</u>	<u>3.207</u>
Handbært fé í årsbyrjun		241.996	17.597	220.090	253.637	33.948	250.432
Áhrif breytinga á eignarhaldi samrekstrarfélaga		(1.136)	0	0	(1.136)	0	0
Handbært fé í árslok		<u>469.177</u>	<u>37.934</u>	<u>241.996</u>	<u>483.672</u>	<u>370.622</u>	<u>253.637</u>

* Endurgert, sjá skýringu 16.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Upplýsingar um sveitarfélagið

Árborg er sveitarfélag á Suðurlandi og voru íbúar 11.239 þann 1. janúar 2023. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Austurvegi 2 á Selfossi. Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 kveða á um grundvallarþætti í stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga.

1.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, að öðru leyti en greint er frá í skýringu 1.3 hér að neðan.

Til bæjarsjóðs (A hluta), telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð, eignasjóð, þjónustumiðstöð, Fasteignafélag Árborgar slf og ehf og Verktækni ehf. Til B hluta teljast stofnanir og fyrirtæki sem að fullu eru í eigu Sveitarfélagsins Árborgar, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Byggingasjóður aldraðra, fráveita, vatnsveita, Selfossveitur bs. og Sandvíkursetur ehf.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.3 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

Á árinu innleiddi sveitarfélagið Árborg reglugerðarbreytingu nr. 230/2021 á 20 gr. reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga vegna reikningshaldslegrar meðferðar byggðarsamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforna sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélaga. Í breytingunni felst að sveitarfélagið færir nú hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags viðkomandi félaga til samræmis við hlutfallslega ábyrgð sína.

Þau félög sem falla undir ofangreinda skilgreiningu eru: Bergisinn bs., Héraðsnefnd Árnesinga bs., Brunavarnir Árnessýslu, Byggðasafn Árnesinga, Héraðsskjalasafn Árnesinga bs., Listasafn Árnesinga, Tónlistarskóli Árnesinga, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs., Sorpstöð Suðurlands bs. og Almannaþingir Árnessýslu.

Þar sem um er að ræða breytingu á reikningsskilaaðferð hefur samanburðartölum í ársreikningnum verið breytt til að gæta samræmis gildandi reikningsskilaaðferð. Um áhrif breytingarinnar vísast til skýringar 16 í ársreikningnum.

1.4 Samantekinn ársreikningur

Ársreikningur bæjarsjóðs (A hluta) og samstæðu (A og B hluta) er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum og skuldum er eytt.

1.5 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna telst útsvar, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði. Komi til þess að álögð gatnagerðargjöld séu umfram framkvæmdakostnað er mismunurinn færður til tekna í rekstrarreikningi við verklok.

Sala vöru og þjónustu er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

Skýringar

1.6 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áunnar og áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

1.7 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftatími eignaflokka er eftirfarandi:

Fasteignir	40 ár
Veitukerfi	10 - 40 ár
Gatnakerfi	25 ár
Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki	5-15 ár

Afskriftir eru reiknaðar hlutfallslega innan ársins.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á sóludegi og er hluti af rekstrarniðurstöðu. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Á hverjum reikningsskiladegi er yfirfarið hvort gangvirði þessara eigna hafi vikið verulega frá bókfærðu verði þeirra. Sé um verulegt frávik að ræða eru þær endurmetnar. Í þessu samhengi er frávik talið verulegt ef það nemur 5% eða meira frá bókfærðu verði. Verðmatsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

1.8 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunnar ef vísbendingar eru uppi um að verðmæti eignarhluta sé lægra en bókfært verð.

1.9 Langtímakröfur

Langtímakröfur sveitarfélagsins eru skuldabréfakröfur.

1.10 Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varasjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

1.11 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra.

Skýringar

1.12 Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

1.13 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

1.14 Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hafa verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

1.15 Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2022. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu nr. 11.

1.16 Tekjuskattsskuldbinding

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færirst til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

1.17 Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2023. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

1.18 Leigusamningar

Félagið gjaldfærir rekstrarleigusamninga í reikningsskilum sínum með jöfnum hætti, til samræmis við skilmála leigusamninga á samningstíma.

1.19 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun með viðaukum fyrir árið 2022 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

Skýringar

2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Bæjarsjóður A-hluti		Samantekin reikningskil A og B-hluti	
	2022	Áætlun	2022	Áætlun
Skatttekjur:				
Útsvar	7.114.241	7.095.000	7.114.241	7.095.000
Fasteignaskattar	908.299	923.829	881.393	910.719
Lóðarleiga	226.269	227.660	226.269	227.660
	<u>8.248.808</u>	<u>8.246.489</u>	<u>8.221.903</u>	<u>8.233.379</u>
Jöfnunarsjóður:				
Tekjujöfnunarframlag	156.693	164.000	156.693	164.000
Útgjaldajöfnunarframlag	426.452	357.200	426.452	357.200
Rekstrarframlag grunnskóla	632.676	545.523	632.676	545.523
Framlag vegna fasteignaskattstekna	177.925	146.791	177.925	146.791
Framlag vegna nýbúa	27.200	21.945	27.200	21.945
Framlag vegna fatlaðra	83.986	81.172	83.986	81.172
Framlag vegna sérþjónustu fatlaðra, frá samrekstrarfélagi	859.941	0	859.941	0
Framlag vegna málefna fatlaðra	622.059	459.865	622.059	459.865
Sambættingarframlag	32.071	30.000	32.071	30.000
	<u>3.019.002</u>	<u>1.806.496</u>	<u>3.019.002</u>	<u>1.806.496</u>
Skatttekjur samtals	11.267.811	10.052.985	11.240.905	10.039.875
Aðrar tekjur	2.295.273	2.382.298	4.045.110	4.113.921
Rekstrartekjur samtals	<u>13.563.084</u>	<u>12.435.283</u>	<u>15.286.015</u>	<u>14.153.796</u>
Íbúaföldi (1. janúar 2023)	<u>11.239</u>	<u>11.781</u>	<u>11.239</u>	<u>11.781</u>
Skatttekjur á íbúa (í þúsundum króna)	1.003	853	1.000	852

3. Laun, launatengd gjöld og breyting lífeyrisskuldbindingar

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Bæjarsjóður A-hluti		Samantekin reikningskil A og B-hluti	
	2022	Áætlun	2022	Áætlun
Laun	6.945.467	6.567.699	7.168.804	6.813.110
Launatengd gjöld	1.349.427	1.572.577	1.398.684	1.629.554
Lífeyrissjóðurinn Brú (sjá skýringu 14)	17.822	20.000	17.822	20.000
Áhrif samrekstrarfélaga	464.871	0	464.871	0
	<u>8.777.586</u>	<u>8.160.276</u>	<u>9.050.181</u>	<u>8.462.664</u>

Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

Breyting á lífeyrisskuldbindingu	66.527	161.950	73.246	175.100
Áhrif samrekstrarfélaga	22.623	0	22.623	0
	<u>89.150</u>	<u>161.950</u>	<u>95.868</u>	<u>175.100</u>

Ársverk á árinu

Ársverk á árinu 2021

1.051

974

1.086

1.006

Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 107 mkr. á árinu 2022.

Skýringar

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Bæjarsjóður A-hluti		Samantekin reikningskil A og B-hluti	
	2022	Áætlun	2022	Áætlun
Vaxtatekjur	327.418	275.936	88.210	3.117
Tekjur af eignarhlutum í félögum	1.708	38.739	1.708	0
Framlag eigin stofnana	41.748	273.589	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur	(2.570.332)	(1.829.510)	(2.510.130)	(1.768.813)
Áhrif samrekstrarfélaga	(50.079)	0	(50.079)	0
	<u>(2.249.538)</u>	<u>(1.241.246)</u>	<u>(2.470.292)</u>	<u>(1.765.696)</u>

5. Heildaryfirlit um rekstur

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
<i>Aðalsjóður:</i>				
Skatttekjur	0	11.490.973	11.490.973	10.285.165
Félagsþjónusta	3.521.378	705.188	(2.816.190)	(2.033.524)
Heilbrigðismál	41.326	0	(41.326)	(43.895)
Fræðslu- og uppeldismál	7.822.294	670.438	(7.151.856)	(6.838.167)
Menningarmál	367.385	80.096	(287.289)	(271.170)
Æskulýðs- og íþróttamál	2.190.846	1.025.943	(1.164.904)	(1.158.952)
Brunamál og almannavarnir	335.485	224.029	(111.455)	(164.337)
Hreinlætismál	453.179	387.088	(66.091)	(61.714)
Skipulags- og byggingarmál	442.602	129.198	(313.405)	(379.359)
Umferðar- og samgöngumál	458.573	774	(457.799)	(433.456)
Umhverfismál	210.435	1.573	(208.862)	(250.119)
Atvinnumál	50.847	457	(50.390)	(62.159)
Sameiginlegur kostnaður	928.604	289.469	(639.135)	(634.526)
Breyting lífeyrisskuldbindingar og greiðsla til Brúar Isj.	106.971	0	(106.971)	(181.950)
Fjármagnsliðir	937.470	436.545	(500.926)	(151.583)
Millivelta	<u>(1.241.369)</u>	<u>(1.241.369)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Aðalsjóður samtals	<u>16.626.026</u>	<u>14.200.402</u>	<u>(2.425.624)</u>	<u>(2.379.746)</u>
<i>A-hluta stofnanir og fyrirtæki:</i>				
Eignasjóður	1.194.934	1.419.842	224.908	963.891
Þjónustumiðstöð	356.268	233.034	(123.234)	(113.093)
Fasteignafélag Árborgar	1.537.250	482.236	(1.055.014)	(629.057)
Verktækni ehf	18.776	12.000	(6.776)	(8.785)
Millivelta	<u>(2.347.885)</u>	<u>(2.347.885)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Bæjarsjóður samtals	<u>17.385.369</u>	<u>13.999.628</u>	<u>(3.385.740)</u>	<u>(2.166.790)</u>
<i>B-hluta stofnanir og fyrirtæki:</i>				
Byggingasjóður aldraðra	94.859	66.430	(28.429)	(34.020)
Fráveita	90.116	502.793	412.676	217.587
Vatnsveita	126.636	467.491	340.856	169.427
Selfossvéitur bs.	1.127.681	1.015.183	(112.499)	(199.031)
Sandvíkursetur ehf	72.897	24.354	(48.543)	(37.020)
Millivelta	<u>(353.320)</u>	<u>(353.320)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Sjóðir í B-hluta samtals	<u>1.158.870</u>	<u>1.722.931</u>	<u>564.061</u>	<u>116.943</u>
Samantekið samtals	<u>18.544.239</u>	<u>15.722.560</u>	<u>(2.821.679)</u>	<u>(2.049.847)</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki	Samtals
Bæjarsjóður, A-hluti:				
Bókfært verð 31.12.2021	15.831.571	83.627	308.935	16.224.133
Áhrif breytinga á reikningsskilaaðferð vegna samrekstrarfélaga	373.212	0	161.889	535.101
Bókfært verð 1.1.2022	16.204.783	83.627	470.824	16.759.234
Viðbót á árinu	2.165.669	928.660	177.223	3.271.552
Endurmat leigulóða	1.439.394	0	0	1.439.394
Bókfært verð seldra eigna	0	0	(935)	(935)
Afskrifað á árinu	(437.063)	(17.151)	(84.834)	(539.048)
Áhrif af breyttu eignarhaldi samrekstrarfélaga	(4.752)	0	3.035	(1.717)
Bókfært verð 31.12.2022	19.368.030	995.136	565.314	20.928.480
	Fasteignir og lóðir	Veitu- og gatnakerfi	Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki	Samtals
Samantekið, A og B-hluti:				
Bókfært verð 31.12.2021	16.300.014	5.030.860	478.601	21.809.475
Áhrif breytinga á reikningsskilaaðferð	373.212	0	161.889	535.101
Bókfært verð 1.1.2022	16.673.226	5.030.860	640.490	22.344.576
Viðbót á árinu	2.165.669	1.469.728	235.961	3.871.358
Endurmat leigulóða	1.439.394	0	0	1.439.394
Selt á árinu	0	0	(935)	(935)
Afskrifað á árinu	(413.346)	(254.488)	(163.179)	(831.011)
Áhrif af breyttu eignarhaldi samrekstrarfélaga	(4.752)	0	3.035	(1.717)
Bókfært verð 31.12.2022	19.860.191	6.246.100	715.373	26.821.664

Viðbætur á árinu greinast þannig eftir málaflokkum:

	2022	Áætlun
Bæjarsjóður, A-hluti:		
Eignasjóður	1.425.245	975.000
Fasteignafélag Árborgar slf.	1.741.979	1.870.000
Þjónustumiðstöð	18.796	8.000
Áhrif samrekstrarfélaga	85.532	0
	<u>3.271.552</u>	<u>2.853.000</u>
B-hluta stofnanir:		
Fráveita	(12.101)	69.000
Selfossveitur	574.911	994.800
Vatnsveita	36.996	176.000
	<u>599.806</u>	<u>1.239.800</u>
Samantekið, A og B-hluti	<u>3.871.358</u>	<u>4.092.800</u>

Innheimt tengigjöld Fráveitu vegna ólokinna verka á árinu 2022 eru umfram kostnað og koma því fram sem neikvæðar viðbætur.

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Vátryggingarverðmæti, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna sveitarsjóðs og B hluta stofnana, greinist þannig í árslok:

	Vátryggingar- verðmæti	Fasteigna- mat	Bókfært verð
Bæjarsjóður, A-hluti:			
Skólahúsnæði	8.806.989	5.038.260	5.921.878
Leikskólar	3.110.180	1.383.087	1.602.254
Íþróttahús og sundlaugar	1.536.120	719.125	2.725.581
Þjónustuhúsnæði	3.661.750	1.868.981	2.818.349
Gatnakerfi			995.136
Vélar og áhöld			345.426
Leigulóðir			5.942.218
Varanlegir rekstrarfjármunir í eigu samrekstrarfélaga			577.638
Samtals bæjarsjóður	17.115.039	9.009.453	20.928.480
B-hluta stofnanir:			
Íbúðarhúsnæði	1.235.900	986.250	91.156
Aðrar fasteignir	1.313.516	977.690	401.314
Veitukerfi			5.250.655
Aðrir rekstrarfjármunir			150.059
Samtals B-hluta stofnanir	2.549.416	1.963.940	5.893.184
Samantekið samtals	19.664.455	10.973.393	26.821.664

Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga hafa tiltekna eignir sveitarfélagsins verið gjaldfærðar og því ekki færðar í efnahagsreikning.

Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti fráveitu nemur 12.450,0 mkr., vatnsveitu 7.726,7 mkr. og hitaveitu 12.302,3 mkr.

Lausafjármunir

Tryggingarverð lausafjármuna greinist þannig:

Ráðhús og bókasafn	561.692
Íþróttamannvirki	50.118
Skólahúsnæði	450.514
Áhaldahús	106.161
Leikskólar og gæsluvellir	150.639
Félagsmiðstöð/ungmennahús	23.548
Sandvíkursetur	14.887
Íbúðir aldraðra	22.779
Selfossveitur	61.686
	<u>1.442.024</u>

Skýringar

7. Eignarhlutir í félögum

Bókfært verð eignarluta í öðrum félögum greinist þannig:

	Bæjarsjóður A-hluti	Samantekið A og B-hluti
Arnardrangur Hses.	424	424
Íslenska vindorkufélagið ehf.	193	193
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	270.102	270.102
Landskerfi bókasafna hf.	1.554	1.554
Sandvíkursetur ehf.	500	0
Borgarþróun ehf.	16.048	16.048
Netorka hf.	0	36
Norðurvegur ehf.	600	600
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.	36.510	36.510
Eignarhlutir í öðrum félögum í eigu samrekstrarfélaga	14.589	14.589
	<u>340.519</u>	<u>340.055</u>

Sveitarfélagið Árborg á 100% eignarhlut í Borgarþróun ehf. Eigið fé félagsins var í árslok 2021, 18,4 mkr. Ársreikningur Borgarþróunar ehf vegna ársins 2022 lá ekki fyrir við lok reikningsskila Sveitarfélagsins Árborgar. Félagið hefur ekki verið tekið inn í samstæðureikningsskil sveitarfélagsins.

8. Langtímakröfur

Langtímakröfur sveitarfélagsins eru skuldabréfakröfur. Skuldabréfakröfur hafa verið niðurfærðar til að mæta tapsáhættu og innheimtanleika.

	Bæjarsjóður A-hluti	Samantekið A og B-hluti
Verðtryggðar kröfur, vextir 2,4-5%	131.118	131.118
Óverðtryggðar kröfur, meðalvextir 5,75%	32.626	32.626
Langtímakröfur í eigu samrekstrarfélaga	129.872	129.872
Niðurfært	(59.988)	(59.988)
Langtímakröfur samtals að meðtöldum næsta árs afborgunum	<u>233.629</u>	<u>233.629</u>
Næsta árs afborganir	(1.734)	(1.734)
	<u>231.894</u>	<u>231.894</u>

Afborganir af langtímakröfum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2023	1.734	1.734
Árið 2024	884	884
Árið 2025	921	921
Árið 2026	6.331	6.331
Árið 2027	7.625	7.625
Síðar	<u>86.262</u>	<u>86.262</u>
	103.757	103.757
Langtímakröfur í eigu samrekstrarfélaga	<u>129.872</u>	<u>129.872</u>
	<u>233.629</u>	<u>233.629</u>

Skýringar

8. Langtímakröfur (framhald)

Langtímakröfur í eigu samrekstraraðila samanstanda af skuldabréfaeign Bergrisans bs vegna lánveitingar til Sólheima og langtímakröfu Héraðsnefndar Árnesinga vegna fjármögnunar á hlutdeild aðildarsveitarfélaga á viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu).

Skuldabréfaeign Bergrisans bs. er óverðtryggð og ber 0,75% árlega vexti. Gjaldþagi skuldabréfsins er þann 29. janúar 2031 og verður upphafleg lánsfjárhæð ásamt áföllnum vöxtum greidd á gjalddaga bréfsins. Hlutdeild sveitarfélagsins Árborgar í skuldabréfaeigninni nemur 7,7 milljónum króna í lok árs 2022.

Langtímakrafa Héraðsnefndar Árnesinga á aðildarsveitarfélög mun verða greidd með framlögum aðildarsveitarfélaga á komandi árum. Hlutdeild sveitarfélagsins Árborgar í kröfunni nemur 122,2 milljónum króna í lok árs 2022.

9. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur og verðbréfaeign í efnahagsreikningi er færð niður til að mæta óvissu um innheimtur og endurheimtanleika eignanna. Ekki er um endanlega afskrift að ræða heldur niðurlausu sem lækkar bókfært verð eignanna á reikningsskiladegi.

Niðurfærsla óinnheimtra tekna, skammtímakrafna og verðbréfaeignar greinist þannig:

	Bæjarsjóður A-hluti	Samantekið A og B-hluti
Afskriftareikningur í ársbyrjun	321.174	375.234
Breytingar afskriftaframlags á árinu	42.594	42.594
Afskriftareikningur í árslok	363.768	417.828

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	Bæjarsjóður A-hluti	Samantekið A og B-hluti
Eigið fé 31.12.2021	244.061	3.857.291
Áhrif af breyttri reikningsskilaaðferð	(4.302)	(4.302)
Eigið fé 31.12.2021	239.759	3.852.989
Endurmat lóða og lendna	1.439.394	1.439.394
Rekstrarniðurstaða ársins	(3.385.740)	(2.821.679)
Áhrif af breyttu eignarhaldi samrekstrarfélaga	1.022	1.022
Eigið fé 31.12.2022	(1.705.566)	2.471.725

